

## REGLUGERÐ

### um Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

#### 1. gr.

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri lýtur yfirstjórn háskólanefndar. Stofnunin skal hafa reglubundið samráð við deildir skólans og samvinnu við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, sem og aðrar stofnanir er tengjast kennslu- og rannsóknasviði Háskólans hverju sinni.

#### 2. gr.

Hlutverk Rannsóknastofnunarinnar er:

- a) Að efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri,
- b) að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna við Háskólann á Akureyri,
- c) að hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaaðila,
- d) að veita upplýsingar og ráðgjöf,
- e) að standa fyrir námskeiðum, fyrirlesturum og ráðstefnum,
- f) að selja þjónustu.

#### 3. gr.

Háskólanefnd skipar stjórn Rannsóknastofnunar til þriggja ára. Hver deild skólans tilnefnir einn fulltrúa og háskólanefnd skipar tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar.

Stjórnin mótar rannsóknarstefnu stofnunarinnar, ræður vali verkefna, hefur umsjón með fjármálum og gerir tillögur til háskólanefndar um fjárveitingar. Stjórninni er heimilt, að fengnu samþykki háskólanefndar, að ákvarða deildaskiptingu innan stofnunarinnar ef ástæða þykir til.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og daglegum rekstri á vegum stofnunarinnar.

Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri, með samþykki stjórnar, ræður annað starfslíð eftir því sem fé er veitt til.

Rekstrarkostnað stofnunarinnar skal greiða af rannsóknafé, sbr. 5. grein.

#### 4. gr.

Formaður boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns. Framkvæmdastjóri á sæti á stjórnarfundum og hefur þar tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

#### 5. gr.

Stjórnin tekur ákvarðanir um ráðstöfun rannsóknafjár sem fengið er með:

- a) Fjárveitingum sem veittar kunna að vera í fjárlögum,
- b) styrkjum til einstakra verkefna,
- c) greiðslum fyrir umbedin verkefni,
- d) gjöfum og öðrum tekjum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans. Fjárlagatillögur Rannsóknastofnunarinnar skulu vera sérgreindur hluti af fjárlagatillögum Háskólans.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 24. júlí 1992.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Árni Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.241.0  
við Mjólnisholt, Reykjavík.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 9. júlí 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð deiliskipulags fyrir staðgreinireit 1.241.0 við Mjólnisholt, Reykjavík.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Borgarstjórnar Reykjavíkur og Skipulagsstjórnar ríkisins.

*Umhverfissráðuneytið, 30. júlí 1992.*

F. h. r.

**Þórður H. Ólafsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## REGLUR

**fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur,  
Gerðahrepps, Sandgerðis og Keflavíkurflugvallar.**

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur, Gerðahrepps, Sandgerðis og Keflavíkurflugvallar er svo skipuð að í henni eiga sæti 11 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, bæjarstjórn Keflavíkur, bæjarstjórn Njarðvíkur, hreppsnefnd Gerðahrepps, bæjarstjórn Sandgerðis og Varnarmála-skrifstofa utanríkisráðuneytisins skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Nefndin kys sér ritara og vararitara úr sínum hópi.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að endurskoðun á gildandi skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og flugvallarsvæðið, eftir því sem þurfa þykir en skipulag þetta var staðfest 20. september 1983 og 12. október 1983. Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé og sker þá umhverfissráðherra úr að fenginni umsögn